



**Samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 og 2019-2033  
172. og 173. mál  
Umsögn Fljótshéraðs**

Bæjarráð Fljótshéraðs fagnar því að samgönguáætlun til lengri tíma skuli hafa litið dagsins ljós. Þó á henni séu ákveðnir annmarkar, að mati fulltrúa Fljótshéraðs, er mjög mikilvægt að áætlun sem þessi liggja fyrir þannig að hægt verði að finna samgönguverkefnum farveg til lengri tíma litið.

**Egilsstaðaflugvöllur**

Ef horft er til þess fjármagns sem ætlað er til viðhalds- og nýframkvæmda við flugvelli landsins telja fulltrúar Fljótshéraðs ástæðu til að efast um að þeir fjármunir muni duga til að mæta þeirri þörf sem til staðar er. Ef horft er einungis til Egilsstaðaflugvallar þá liggur fyrir að ráðast þarf þar í kostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir á næsta og þarnaesta ári, auk þess að fyrir liggur að koma þarf upp aðflugsljósum við norðurenda flugbrautarinnar. Einnig hefur ítrekað verið vakin athygli á því að nauðsyn er á stækkun flughlaða við Egilsstaðaflugvöll eigi flugvöllurinn að geta þróast eðlilega sem alþjóðaflugvöllur, auk þess að uppfylla öryggis- og þjónustukröfur samhliða tímabundnum lokunum Keflavíkurflugvallar. Kostnaður við þær framkvæmdir er hér hafa verið tíundaðar er all nokkur og ef horft er til framkvæmda við aðra flugvelli s.s. Akureyrarflugvöll þá þá má leiða líkum að því að auka þurfi við þennan lið verulega eigi að vera hægt að uppfylla eðlilegar kröfur um þróun og öryggi til framtíðar, auk þess að ekki er ásættanlegt að gert sé ráð fyrir því að ráðast ekki í stækkun flughlaða við Egilsstaðaflugvöll fyrr en á þriðja tímabili áætlunarinnar.

**Vegaframkvæmdir**

Ef litið er til vegaframkvæmda lýsir sveitarfélagið ánægju sinni með að verkefni, sem sveitarfélagið hefur lagt áherslu á undanfarin ár að fundinn yrði staður í samgönguáætlun, skuli hafa gert það nú. Þarna bera hæst framkvæmdir vegna nýrrar Lagarfljótsbrúar, Fjarðarheiðargöng, Borgarfjarðarveg og veg um Öxi. Það sem veldur hins vegar vonbrigðum er hversu seint er áætlað að fara í framkvæmdir við Fjarðarheiðargöng og við lagningu nýs vegar um Öxi. Báðar þessar framkvæmdir eru lykilatriði í að efla tengingar á milli byggðakjarna innan Austurlands sem og við önnur landsvæði auk flutningsleiða til og frá landinu. Bæjarráð Fljótshéraðs leggur því áherslu á að þessar tvær framkvæmdir verði fluttar fram í framkvæmdaröðina.

Það er mat fulltrúa Fljótshéraðs að fyrir slíku séu haldbær rök. Þó ekki sé annað sagt verður að benda á að það fjármagn sem ætlað er til framkvæmda á Austurlandi er furðulega lítið miðað við aðra landshluta. Með samgönguáætlun er Alþingi að hafa veruleg áhrif á efnahag svæða með því að stýra tímasetningu stórframkvæmda. Í þessu felst mikil ábyrgð og vert er að benda á að á Fljótshéraði eru verktakafyrirtæki stórir vinnuveitendur sem leika lykilhlutverk í hagkerfi sveitarfélagsins.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

[www.egilsstadir.is](http://www.egilsstadir.is)

Varðandi Axarveg sérstaklega verður að nefna eftirfarandi:

- Um er að ræða verulega styttingu akstursleiðar. Styttingar akstursleiða auka öryggi á ferðalögum og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og kostnaði af akstri.
- Framkvæmdin er fullhönnuð og unnið hefur verið að öðrum hlutum sama verkefnis bæði í Berufirði og Skriðdal. Að láta lokahnykk þeirra framkvæmda bíða í á annan áratug er ekki skynsamleg verkstjórn.
- Undanfarin ár hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi ítrekað ályktað um að Axarvegur sé forgangsverkefni í vegagerð á Austurlandi. Það hefur verið gert að áeggjan þingmanna kjördæmisins um að þörf sé á að sveitarfélög á svæðinu sameinist um forgangsröðun framkvæmda. Ef ekkert tillit er tekið til þessara ályktana eru það einkennileg skilaboð Alþingis til sveitarstjórna um land allt.

Varðandi Fjarðarheiðargöng verður einnig að nefna eftirfarandi:

- Ítrekað hefur verið lýst yfir að ráðist verði í gerð Fjarðarheiðarganga í kjölfar Dýrafjarðarganga. En það yrðu slæm skilaboð Alþingis til þeirra landsvæða sem glíma við hvað mestar áskoranir landfræði- og lýðfræðilega, Aust- og Vestfirði, ef gera á 10 ára hlé á öllum jarðgangaframkvæmdum á landinu. Fjarðarheiðargöng eru ekki síðustu jarðgöng sem grafa þarf á Íslandi og 10 ára töl á þeim þýðir að bið eftir öðrum brýnum jarðgangaframkvæmdum fer að mælast í búsna mörgum áratugum með sama áframhaldi.
- Seyðisfjarðarhöfn er ein af mikilvægustu höfnum landsins með tilliti til fjölda ferðamanna og farartækja sem um hana fara. Fjarðarheiði er farartálmi og áhættuþáttur, ekki aðeins fyrir íbúa á Seyðisfirði, heldur fyrir allan þann fjölda ferðamanna sem um hana fer. Auk þess eru verulegir fraktflutningar yfir heiðina.

Nú hafa fjögur sveitarfélög á Austurlandi samþykkt að hefja formlegar sameiningarviðræður. Þetta eru Borgarfjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Fljótshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður. Sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga telja allar að það felist mikil tækifæri í þessari sameiningu sem gengið gæti í gegn í ársbyrjun 2020. En bættar samgöngur eru forsenda þess að vel takist til. Þar eru þrjár lykilframkvæmdir sem verður að ráðast í. Borgarfjarðarvegur, Axarvegur og Fjarðarheiðargöng.

### Samgönguáætlun Alþingis

Þær tillögur að samgönguáætlun sem nú liggja fyrir eru byggðar á tilteknum sjónarmiðum sem ákveðið var að leggja þar til grundvallar. Eins og að framan greinir telja fulltrúar Fljótshéraðs að þar hafi ekki verið tekin til greina öll sjónarmið sem eðlilegt sé að hafa í huga við gerð samgönguáætlunar. Það er nú á ábyrgð Alþingis að setja sér samgönguáætlun, ekki aðeins með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem áður hafa verið tekin til greina heldur líka þeim sem einhverra hluta vegna var ekki horft til á fyrri stigum málsins.

Við treystum á Alþingi að lagfæra þá vankanta sem á tillögunum eru og koma í veg fyrir að Austurland verði látið sitja eftir með þeim hætti sem að óbreyttu er gert ráð fyrir.

Egilsstaðir 25. október 2018

F.h. Fljótshéraðs

  
Björn Ingimarsson  
Bæjarstjóri